

“Hvað ætlarðu að gera við það? spurði járnmangarinn.”

“Eg ætla að hafa það fyrir vinnustofu. Eg er málari og heiti Fanient.”

Járnmangarinn hugsaði sig um. Nafnið bar fallegan útlendan keim. Það gat vel verið að hann væri frægur maður í föðurlandi sínu, og gæti því orðið þorpinu til upphefðar. Í öðru lagi sá járnmangarinn að loftið í byggingu hans mundi gefa dálítið í aðra hönd, og fólk, sem kæmi til að skoða myndir mundi máske vanta járnvörur og þar af leiðandi mundi verzlunin aukast. Hann gerði því samning við málarann. Fanient samþykkti, að ef hann ekki borgaði húsaleiguna á réttum tíma, þá skyldi myndin, sem hann ætlaði að mála verða eign járnmangarans.

Næsta dag flutti málariinn áhöld sín upp á loftið; stóran stranga af lérefti, pentugrind, burstu og liti. Alt þetta bar hann sjálfur upp á loftið og lokaði dyrunum, svo enginn skyldi ónáða hann við verk sitt. Stundum virtist járnmangaranum hann heyra sagarhljóð og hamarshögg ofan af loftinu, en enginn fékk hina minstu hugmynd um hvað þar væri aðhafst.

“Mér virðist þú vera nokkuð hávær yfir myndinni þinni,” sagði járnmangarinn við málarann eitt kvöld, er hann kom ofan frá vinnu sinni.

Fanient brosti stillilega, “Eg er að leiða dagsljósið inn í híbýli þín til að vinna við,” sagði hann. Og hann lokaði dyrunum vandlega eins og hann var vanur að gera.

Dagar og vikur liðu en hamarshögginn voru hætt. Fanient var samt sem áður stöðugt við vinnu sína. Hann kom snemma og fór seint. Um síðir var stór og vönduð umgjörð flutt að járnvörubúðinni, og Fanient bar hana sjálfur upp á loftið. Allan þennan tíma hafði járnmangarinn ekki fengið neina húsaleigu.

“Gott og vel,” sagði hann við sjálfan sig. “Eg fæ þó myndina, og ef að hún er jafnstór þessari voldugu umgerð, þá er hún nægilega stór til að hylja eina vegginn í borðstofunni